



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**137. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 11. apríl 2025
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Hákon Jónsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Yr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Lovísa Björg Traustadóttir, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Hildur Björnsdóttir tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær - 2208011

Fyrirliggjandi er bréf frá skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 7. apríl 2025 þar sem óskað er eftir að erindi um breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags verði tekið fyrir á fundi svæðisskipulagsnefndar.

Erindi um breytingu á vaxtarmörkum á svæðinu hefur áður verið á dagskrá nefndarinnar. Á 109. fundi þann 16. september 2022 var svæðisskipulagsstjóra falið að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu, í samstarfi við skipulagsstjóra Garðabæjar. Á 110. fundi nefndarinnar var lýsingin samþykkt. Lýsingin var í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1 mgr. 23. gr. skipulagslaga 123/2010 og leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Á 114. fundi þann 17. febrúar 2023 var erindið lagt fram að nýju ásamt minnisblaði þáverandi svæðisskipulagsstjóra. Ljóst var að ekki lá fyrir samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga fyrir breytingum á svæðisskipulagi og var málinu frestað.

Gestir

Hrönn Hafliðadóttir, Garðabæ -

Verkefnastjóri skipulagsmála Garðabæjar var gestur undir þessum lið. Hún kynnti erindið á fundinum og svaraði spurningum.

2. KÓP Gunnarshólmi Breytt svæðisskipulag-Vaxtamörk - 2503001

Þann 7. mars 2025 barst svæðisskipulagsnefnd bréf frá verkefnastjóra aðalskipulags Kópavogsbæjar, f.h. skipulagsfulltrúa bæjarins, þar sem óskað var eftir að svæðisskipulagsnefnd taki til meðferðar breytingu á vaxtarmörkum svæðisskipulags fyrir Geirland og Gunnarshólma. Einnig fylgdu bréfinu drög að lýsingu vegna breytinganna, dags. 21. janúar 2025, ásamt fylgigögnum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Erindið var kynnt á 136. fundi nefndarinnar þann 13. mars 2025 og svæðisskipulagsstjóra falið að greina málið frekar og vinna greiningu á sviðsmyndum fyrir áframhaldandi meðferð málsins og leggja fyrir næsta fund.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra.

Umræður.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að óska eftir frekari gögnum frá Kópavogsbæ til samræmis við fyrirliggjandi minnisblað og umræður á fundinum.

3. Verkefni sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Svæðisskipulagsstjóri fór yfir fyrirhuguð verkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2025.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.